# Ferilskrá



*Nafn: Þorsteinn Gunnarsson*
*Kennitala: 020866-3659*
*Heimili: Birkihraun 9, 660 Mývatn*
*Sími: 69 69 234*
*Netfang: thorsteinn@skutustadahreppur.is*

*Fjölskylda: Kvæntur Rósu Signýju Baldursdóttur grunnskólakennara. Við eigum þrjú börn; Gunnar 24 ára, Valgerði Maríu 22 ára og Guðjón 12 ára.*

**Framboð til stjórnar KSÍ**

Ég hef ákveðið að bjóða fram starfskrafta mína í stjórn KSÍ á 73. ársþingi sambandsins 9. febrúar n.k. Íslensk knattspyrna hefur verið mín ástríða alla ævi og þar hef ég langa reynslu af ýmsum störfum innan hreyfingarinnar.

Ég er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum en bjó lengi í Grindavík og starfa nú í Mývatnssveit. Ég hef starfað í grasrótinni og upp í meistaraflokk sem sjálfboðaliði, leikmaður ÍBV, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍBV, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, þjálfari yngri flokka og meistaraflokka karla og kvenna ásamt markmannsþjálfun og er með UEFA B gráðu, foreldri þriggja barna í fótbolta, stuðningsmaður félagsliða og þekki því vel af eigin reynslu hve mikilvæg vinna fer fram í grasrótinni. Stuðningsmaður landsliðanna okkar. Ég kom að stofnun ÍTF á sínum tíma. Ég starfaði sem íþróttafréttamaður í tæpan áratug og var formaður Samtaka íþróttafréttamanna. Síðustu árin hef ég starfað á vettvangi sveitarstjórnarmála sem sviðsstjóri og sveitarstjóri og þekki því uppbyggingu íþróttamannvirkja og mikilvægi samtals sveitarfélaga og íþróttahreyfingar þegar kemur að barna- og unglingastarfi og afreksstarfi.

Ég hef því setið víða í kringum borðið, hef breiða þekkingu úr grasrótinni og rekstri félaga og stjórnun sem mun nýtast í hinum mörgu verkefnum sem knattspyrnuhreyfingin þarf að vinna að. Knattspyrna er mitt hjartans mál og ég hef bæði vilja og metnað til að leggja mitt af mörkum. Ég lít á KSÍ sem þjónustuaðila fyrir knattspyrnufélögin í landinu, mikilvægt er að styrkja fagmennsku og ímynd sambandsins, að rekstur þess verði áfram traustur og meiri kraftur verði lagður í samtal við grasrótina.

Ég er með fjölmiðlafræðimenntun í grunninn, meistarapróf í verkefnisstjórnun (MPM) frá HR, diploma í opinberri stjórnsýslu frá HÍ og er í MPA námi í opinberri stjórnsýslu.

<u>Gildin mín:</u> Gegnsæi, jafnræði og vinnusemi.

<u>Markmið:</u> Að leggja mitt af mörkum til að tryggja knattspyrnufélögum í landinu sem best starfsumhverfi hverju sinni og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu á bættri aðstöðu fyrir iðkendur og áhorfendur.

<u>Framtíðarsýn:</u> Að félögin í landinu og KSÍ eigi í farsælu samstarfi með hagsmuni knattspyrnunnar í landinu að leiðarljósi.

## Menntun:

| *Nám*<br>*Skóli* | *Gráða* | *Upphafsdagsetning*<br>*Lokadagsetning* | *Lýsing* |
|---|---|---|---|
| Opinber stjórnsýsla | MBA | Jan. 2019 | Í námi |
| Opinber stjórnsýsla<br>Háskóli Íslands | Diplóma | 01.09.2015<br>20.05.2016 | 30 eininga diplómanám |
| Meistaranám í verkefnisstjórnun<br>Háskólinn í Reykjavík | MPM<br>(meistaragráða) | 01.09.2012<br>16.06.2014 | Meistaranám í verkefnisstjórnun. |
| Fjölmiðlafræði<br>Háskólinn á Akureyri | 12 einingar | 01.09.2013<br>15.12.2013 | Lauk kúrsunum Íslenskir fjölmiðlar og Fjölmiðlarýni. |
| Viðskiptafræði<br>Háskólinn á Akureyri | 12 einingar | 01.09.2008<br>15.12.2008 | Lauk kúrsunum Markaðsfræði 1 og Fræðileg vinnubrögð |
| Fjölmiðlafræði<br>Háskólinn í Gautaborg, Svíþjóð | 150 einingar | 01.09.1989<br>31.05.1992 | Fjölmiðla- og samfélagsfræði |
| Framhaldsskólinn í Vestm. | Stúdentspróf | 01.09.1982<br>16.12.1985 | Útskrifaðist af uppeldisbraut |

## Vottun:

| *Vottunarnám* | *Gráða* | *Vottunarferill* | *Lýsing* |
|---|---|---|---|
| Verkefnisstjórnunarfélag Íslands / International Project Management Association (IPMA) | C-vottun | 01.09.2015<br>14.11.2015 | Umsókn, skriflegt próf, verkefnaskýrsla, viðtal og niðurstaða matsmanna.<br>C-vottun: Hefur undanfarin 6 ár, a.m.k. þriggja ára reynslu af verkefnastjórnun. Beitir viðeigandi ferlum verkefnastjórnunar, aðferðafræði, tækni og tækjum |
| Verkefnisstjórnunarfélag Íslands / International Project Management Association (IPMA) | D-vottun | 01.10.2012<br>01.12.2012 | Próf. Krefst víðtækrar þekkingar á aðferðafræði verkefnastjórnunar, en minni áhersla er lögð á reynslu viðkomandi af verkefnastjórnun |
| Knattspyrnuþjálfari | KSÍ- B stig (UEFA B) | Stig 1 og 2 1982, stig 3 og 4 2008. KSÍ-B vottun 2009 | Samtals 124 kennslutímar, námsmat og próf í þjálfun knattspyrnumanna og kvenna, þjálfunaraðaferðum, skipulagi, leikfræði osfrv |

## Námskeið:

| *Námskeið* | *Skóli/stofnun/fyrirtæki* | *Lengd námskeiðs* |
|---|---|---|
| Navision, bókhaldskerfi, grunnur | Wise | Einn dagur, sept. 2017 |
| PMTO grunnmenntun | PMTO-foreldrafærni | 44 klst, frá jan.-apríl 2016 |
| Trello, verkefnisstjórnunarforrit | Skipulagning.is | Einn dagur, 3 klst, 28. okt. 2014 |
| Námskeið í sálrænni skyndihjálp | Rauði kross Íslands | Einn dagur, 3 klst, 2. okt. 2014 |
| Gerum gildin gild. Hlutverk almannaþjónsins | Gerum betur ehf. | Einn dagur, 3 klst. 2. okt. 2014 |
| Grafísk hönnunarsmiðja. Adobe Illustrator, Photoshop og InDesign | Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum | 120 kennslustundir, 40 kennslustundir fyrir hvert þessara þriggja forrita. Sept. til des. 2012. |
| Námskeið um vefi sveitarfélaga | Háskóli Íslands | Tveir kennsludagar, 5 klst, 20. og 21. sept. 2012 |
| Námskeið í gerð áhættumats | Vinnueftirlitið | Einn dagur, 6 klst, febr. 2012 |
| Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði | Vinnueftirlitið | Tveir dagar, 12 klst, 6. og 7. nóv. 2012 |

| | | |
|---|---|---|
| Námskeið um sveitarstjórnarmál. Málsmeðferðarreglur, fundargátt | Grindavíkurbær | Tveir dagar, 4 klst. Sept. 2014. |
| Hlutverk stjórnanda. Tímastjórnun. Starfsmannasamtöl | Attentus, mannauður&ráðgjöf | Einn dagur, 6 klst. 9. jan 2013 |
| Markaðssetning á netinu | Online.is og mbl.is | Einn dagur, 5 klst. 28. nóv. 2011 |

## Starfsferill:

| *Starf* | *Vinnuveitandi* | *Tímabil* | *Viðfangsefni* |
|---|---|---|---|
| Sveitarstjóri Skútustaðahrepps | Skútustaða-hreppur | 11.09.2016- Núverandi starf | Annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Sé um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna. Sé um að fundir sveitarstjórnar og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir auk ýmissa annarra verkefna. Fjárhagsáætlun og rekstur sveitarfélagsins. Verkefnisstjórn stærri verkefna eins og fráveitumála sem sveitarfélagið fékk viðurkenningu fyrir í júní 2018 fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. |
| Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs | Grindavíkurbær | 01.12.2013– 11.09.2016 | Yfirumsjón og ábyrgð á íþrótta-, frístunda- og menningarmálum. Stjórnun, gerð starfs- og fjárhagsáætlana sviðsins. Ráðgjöf, undirbúningur og framlagning mála fyrir frístunda- og menningarmálanefnd og bæjarráð ásamt eftirfylgni mála. Þjónusta við íbúa á sviði íþrótta, frístunda-, forvarna- og menningarmála. Viðburðastjórnun, verkefnisstjórnun. Undir sviðið heyrðu m.a. íþróttamannvirki, bókasafn, vinnuskóli, tjaldsvæði, forvarnir, viðburðir bæjarins o.fl. |
| Upplýsinga- og þróunarfulltrúi | Grindavíkurbær | 01.01.2009 30.11.2013 | Umsjón með innra og ytra kynningar- og upplýsingastarfi, ferðaþjónustu, markaðssetningu, verkefnisstjórnun, gerð fjárhagsáætlunar og þróun verklags. Umsjón heimasíðu. Rekstur tjaldsvæðis og Kvikunnar. Umsjón vinnuverndar. Aðstoð við viðburðastjórnun. Sæti í stjórn Ferðamálasamtaka Reykjaness, Reykjanes Jarðvangs og Grindavík-Experience fyrir hönd bæjarins. |
| Íþróttafrétta- og dagskráragerðamaður | 365 miðlar | 01.06.2000 31.12.2008 | Dagskrárgerð, fréttamennska og lýsingar í sjónvarpi, útvarpi og dagblaði |
| Framkvæmdastjóri | ÍBV (50% starf) | 01.11.1997 31.05.2000 | Rekstur og starfsmannahald. Stefnumótun. Samskipti við samstarfsaðila, stuðningsmenn og félagsmenn. |
| Upplýsingafulltrúi | Vinnslustöðin (50% starf) | 01.11.1997 31.05.2000 | Miðlun innri og ytri upplýsinga, samskipti við hagsmunaaðila, upplýsingamiðlun o.fl. |
| Fréttastjóri | Eyjafréttir | 01.08.1993 31.10.1997 | Almenn fréttaskrif, ljósmyndun, umbrot, umsjón sérblaða, dagskrárgerð |
| Leiðbeinandi | Grunnskóli Vestmannaeyja | 01.09.1992 31.05.1993 | Umsjón í 6. bekk, danska og samfélagsfræði á unglingastigi |
| Blaðamaður | Eyjafréttir | 01.01.1986 31.05.1989 | Fréttaskrif, ljósmyndun og umbrot |
| Verkamaður | Hitaveita Vestmannaeyja | Sumarstarf 1981-1985 | Almenn verkamannastörf |

## Þjálfun, stjórnarseta og áhugamál:

| *Starf* | *Vinnuveitandi/félag* | *Tímabil* | *Viðfangsefni* |
|---|---|---|---|
| Knattpyrnuþjálfun | Þróttur V.<br>Grindavík<br>HK<br>ÍBV/Týr/Þór | 2012-2014<br>2009-2011<br>2012<br>1986-1999 (með hléum) | Þjálfun m.fl. karla<br>Þjálfun markmanna<br>Aðstoðarþjálfari og markmannsþj. m.fl. karla<br>Þjálfun m.fl. kvenna og ýmsa yngri flokka, allt frá 6. og upp í 2. flokk karla og kvenna |
| Formaður knattspyrnudeildar | UMFG | 10.02.2009-31.12.2011 | Stjórnarformennska, ráðning starfsfólks og þjálfara, eftirlit með starfsemi og rekstri, ábyrgð, koma fram fyrir hönd félagsins út á við |
| Formaður<br><br><br><br><br><br>Gjaldkeri | Samtök íþróttafréttamanna<br><br><br><br><br><br>Samtök íþróttafréttamanna | 2006-2009<br><br><br><br><br><br>2004-2006 | Skipulagning og ábyrgð á kjöri íþróttamanns ársins. Samskipti við íþróttahreyfingu og aðra hagsmunaaðila. Ábyrgð á rekstri SÍ. Sækja heimsráðstefnur AIPS (alþjóða samtökin) og Samtak Norrænna íþróttafréttamanna.<br><br>Umsjón með bókhaldi og rekstri félagsins. Fjárhagsleg umsýsla á ráðstefnu Samtaka Norræna íþróttafréttamanna á Íslandi 2005 |
| Námskeið og fyrir-lestrar sem ég hef haldið | Miðstöð símennt-unar á Suðurn.<br>Miðstöð símennt-unar á Suðurn.<br>Grindavíkurbær<br><br>ÍSÍ<br>HR | Sept. 2016<br><br>Apr. 2016<br><br>Okt. 2015 og feb. 2014<br>2008<br>2007 | Verkefnisstjórnun<br><br>Markvissir fundir og fundarstjórn<br><br>Verkefnisstjórnun<br>Verkefnisstjórnun<br>Íþróttir og fjölmiðlar<br>Íþróttir og fjölmiðlar |
| Stjórnarmaður, ritari | Ferðamálasamtök Reykjaness | Nóv. 2012-Okt. 2014 | Sat í stjórninni fyrir hönd Grindavíkurbæjar. Stýrði stefnumótun samtakanna og að byggja upp nýja heimasíðu félagsins |
| Stjórnarmaður | Reykjanes jarðvangur | Nóv. 2012-okt. 2014 | Sat í stjórninni fyrir hönd Grindavíkurbæjar. Stýrði stefnumótun samtakanna |
| Verkefnisstjórn | Grindavíkurhöfn | Sept. 2013-Sept. 2014<br><br>Endursk. vor 2016 | Stýrði stefnumótun fyrir Grindavíkurhöfn. Verkefnisstjóri fyrir sýningarbás Grindavíkurhafnar og sjávarúvegsfyrirtækja í Grindavík á Íslensku sjávarúvegssýningunni sem fékk verðlaun sem besti hóp- og landsvæðisbásinn |
| Stjórnarmaður | Matarheill | 2013-2015 | Einn af stofnendum félagsins. Sá um heimasíðu félagsins |
| Nefndarmaður | Afmælisnefnd KSÍ | 2011-2012 | Undirbúningur að verkefnum vegna 100 ára afmæli Íslandsmótsins í knattspyrnu |
| Fulltrúi Samtaka íþróttafréttamanna í dagskránefnd | Ráðstefnan Play the game | 28.10.2007<br>01.11.2007 | Eina óháða ráðstefnan um íþróttir í heiminum, haldin í Reykjavík. 40 fyrirlesarar um ýmislegt sem snýr að íþróttum en rauði þráðurinn var að varpa ljósi á pólitísku hliðina á íþróttum, lyfjamál, spillingamál o.fl. |
| Ritstjóri, blaðamaður | Ýmsir aðilar | Í gegnum árin | Ritstýrt ýmsum blöðum, vefsíðum, fréttabréfum, ársskýrslum og útgáfum í gegnum tíðina |